

## Hvernig sækja á um námsdaga, ferðakostnað og námskeiðsgjöld á LSH

Sjá minnisblað með leiðbeiningum um námsdaga á vefsíðu fyrir sérnámsgrunnslækna undir liðnum „Námsdagar – minnisblað“.

### Laun á námsdögum

Ef sérnámsgrunnslæknir óskar eftir að fá laun á námsdögum, þá er það skráð beint í vinnustund og viðkomandi yfirmaður þarf að samþykkja það. Ræða þarf við yfirmann og fá samþykki hans áður en beiðnin er send.

### Ferðakostnaður og námskeiðsgjöld

Til að sækja um ferðakostnað eða námskeiðsgjald, þá þarf að fara inni í Orrann, velja línurnar þrjár efst til vinstri, og síðan „LSH Sjálfsafgreiðsla starfsmanns“, skrolla niður á „Ferðabeiðnir“ og fylla út. Athuga að beiðnin fer sjálfkrafa til samþykktar á þann yfirmann sem skráður er fyrir því sviði sem viðkomandi er staddur á. Það er því mikilvægt að undir kostnaðarlið þá tilgreini sérnámsgrunnslæknar viðfang þess sviðs sem viðkomandi verður á þegar námsferð er áætluð, en ekki þegar umsóknin er gerð.

Gefa þarf upp eftirfarandi viðföng eins og við á:

Barnalækningar: 01009

Bráðadeild Fossvogi: 06110

Endurhæfingarlækningar: 03340

Fæðingar- og kvensjúkdómalækningar: 08009

Geðlækningar: Mörg viðföng. Hafa samband við Brynju Marín Sverrisdóttur ([brynjams@landspitali.is](mailto:brynjams@landspitali.is)) eða aðra skrifstofumanneskju á geðinu til að fá uppgefið rétt viðfangsnúmer.

Lyflækningar: 09083

Myndgreining: 33350

Skurðlækningar (augn, bæklun, HNE, almennar skurð: 05708 (Aðstoðarlæknar skurð)

Ef þið þurfið aðstoð við að útfylla beiðnina, þá má hafa samband við Margréti Ósk Guðmundsdóttur ([mosk@landspitali.is](mailto:mosk@landspitali.is), sími 543-1393) sem heldur utan um þessi mál og sér um að afgreiða þau. Hún mun miða greiðslur út frá tímabilum í blokk fyrir sérnámsgrunnslækna.

### Heilsugæslan, Sjúkrahúsið á Akranesi, Sjúkrahúsið á Akureyri

Hafa samband beint við viðkomandi stofnun.

### Staðfestingum hlaðið inn í ePortfolio-ið

Þegar beiðnir hafa verið samþykktar þarf að hlaða þeim inn í ePortfolio-ið undir „Personal Library“ (veljið „File status shared“). Vottorð um lokin námskeið/próf sem tengjast námsdögum á sérnámsgrunnslækna hlaðist inn í ePortfolio-ið undir „Certificates and exams“.